HEKLAN
ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG
SUÐURNESJA

**76. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 7. febrúar 2020 kl. 8:30 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.**

**Mætt:** Sigurgestur Guðlaugsson, Fannar Jónasson, Ásgeir Eiríksson, Guðjón Skúlason, Björk Guðjónsdóttir, Bergný Jóna Sævarsdóttir, Þuríður Aradóttir, Eyþór Sæmundsson, Berglind Kristinsdóttir og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð. Magnús Stefánsson boðaði varamann.

## *Dagskrá*

1. *Kynning á niðurstöðum könnunar í tengslum við ímyndarverkefni – Kristján Hjálmarsson frá H&N.*
2. *Samstarfssamningur um stoðkerfi ferðaþjónustu á starfssvæði Markaðsstofu Reykjaness 2018.*
3. *Tölvupóstur dags. 24.10.2019 frá Ferðamálastofu v. opinna funda v. uppfærslu áfangastaðaáætlana.*
4. *Tölvupóstur dags. 23.01.2020 frá Ferðamálastofu v. fjárveitingar til upplýsingamiðlunar.*
5. *Tölvupóstur dags. 30.01.2020 frá Ferðamálastofu v. ósk um upplýsingar á tekjum og rekstri markaðsstofa.*
6. *Afrit af fundargerð MAS, dags. 15.01.2020.*
7. *Atvinnuleysistölur*
8. *Önnur mál*

----

**1. Mál Kynning á niðurstöðum könnunar í tengslum við ímyndarverkefni**

Kristján Hjálmarsson framkvæmdastjóri H&N markaðsstofu kynnti niðurstöður könnunarinnar og fór yfir verkefnið árið 2019.

**2. Mál Samstarfssamningur um stoðkerfi ferðaþjónustu á starfssvæði Markaðsstofu Reykjaness 2018**

Þuríður fór yfir stöðuna en samningur rennur út um næstu áramót. Stjórn MR óskar eftir því við Ferðamálastofu að framtíðarfjármögnun verði tryggð eins fljótt og auðið er.

3. ***Mál Erindi frá Ferðamálastofu v. opinna funda v/ uppfærslu áfangastaðaáætlana***
Þuríður kynnti verkefnið en fundir verða haldnir í öllum sveitarfélögunum og sent beint frá þeim.

4. **Mál Tölvupóstur dags. 23.01.2020 frá Ferðamálastofu v. fjárveitingar til upplýsingamiðlunar**
Þuríður sagði frá fjárveitingu til upplýsingamiðlunar sem gerir MR kleift að framlengja samningi um rekstur upplýsingamiðstöðva og til frekari kynningar.

5. ***Mál*** **Tölvupóstur dags. 30.01.2020 frá Ferðamálastofu v. ósk um upplýsingar á tekjum og rekstri markaðsstofa**
Þuríður kynnti erindi Ferðamálastofu en upplýsingarnar verða nýttar við þróun á áfangastofum landshluta.

6. **Mál Afrit af fundargerð MAS, dags. 15.01.2020.**
Lagt fram til kynningar.

7. ***Mál Atvinnuleysistölur***
Atvinnuleysi á Suðurnesjum var 8,7% í desember 2019 sem er hæst á landinu öllu þar sem atvinnuleysi er 4,3%.

8. **Önnur mál**

   a. **Kortlagning á nýsköpun og stuðning við atvinnuleitendur**
   *Sigurgestur sagði frá vinnu stuðningsaðila á Suðurnesjum við að kortleggja þjónustu við einstaklinga í nýsköpun til að mæta betur þörf á svæðinu, en margir þeirra eru með erlent ríkisfang.*

   b. **Atvinnustefna sveitarfélaga**
      i. *Berglind kallaði eftir atvinnustefnu sveitarfélaga í tengslum við áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurnesja svo hægt sé samræma þær og sækja fyrirtæki á svæðið eftir sameiginlegum áherslum. Stjórn Heklunnar og MR leggur til að sveitarfélögin vinni sínar atvinnustefnur og sendi áfram til Heklunnar og hægt sé að samræma þær með það að markmiði að hægt sé að gera eina atvinnustefnu fyrir Suðurnesin.*

   c. **Kynning á verkefninu Senior support**
      i. *Hansína Bjarnfríður Einarsdóttir frá Skref fyrir skref kynnti verkefnið Senior support en markmið þess er að styðja enn frekar við nýsköpun, rekstur og atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum en verkefnið hefur hlotið styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.*

*Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.*